

Nd.

232. Frumvarp til laga

[190. mál]

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

3. mgr. 19. gr. orðist svo:

3. Þegar úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtingablaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.

2. gr.

Við 79. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

2. Skiptaráðandi getur krafist lánardrottna þrotamanns, svo og þá sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar, sem honum þykja máli skipta. Getur hann einnig krafist þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skytt er stjórnvöldum, þ. m. t. skattyfirvöldum og bankastofnunum, að láta skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

3. gr.

84. gr. orðist svo:

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.

4. gr.

Á eftir 139. gr. komi ný grein, 139. gr. a, svohljóðandi:

Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972, geta tveir eða fleiri dómara farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau eftir því sem við getur átt til þrotabúa sem tekin hafa verið til skipta fyrir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að framkominni ábendingu þeirra, sem fara með skipti þrotabúa við borgarfégetaembættið í Reykjavík, þar sem litið hefur verið svo á, að gjaldþrotalög nr. 6/1978 taki ekki nægilegt tillit til aðstæðna við meðferð umfangsmikilla mála á þessu sviði. Er breytingum þessum ætlað að ráða bót á brýnustu atriðum að þessu leyti. Fara hér á eftir skýringar varðandi einstök ákvæði frumvarpsins.

Við 1. gr.

Með ákvæði þessu er lögð til sú breyting ein frá núgildandi lögum, að mælt verði fyrir um heimild skiptaráðanda til þess að ákveða að kröfulýsingarfrestur verði lengri í einstökum tilvikum en tveir mánuðir, sbr. nú 3. mgr. 19. gr. Verður að ráðgera að heimild þessi yrði aðeins nýtt í undantekningartilvikum, einkum ef skiptaráðandi telur sýnt að margir erlendir aðilar eigi kröfu á þrotabúið. Er skiptaráðanda þá heimilað að meta hversu langur kröfulýsingarfrestur skuli vera hverju sinni innan þeirra marka, sem ákvæðið setur.

Við 2. gr.

Skiptaráðanda er meðal annars við skipti þrotabúa ætlað það hlutverk að gefa lánardrottnum skýringar á orsökum gjaldþrots. Við framkvæmd frá gildistöku gjaldþrotalaga hefur komið í ljós að verulega vantar á að skiptaráðandi hafi nægjanlegar heimildir til að afla gagna úr hendi annarra en þrotamannsins sjálfs og þeirra, sem honum eru nákomnir. Þetta hefur einnig orðið til þess að gera erfitt að kanna hvort fullnaðarupplýsingar hafi komið fram um eignir þrotabúa, svo og að afla nauðsynlegra skýrsla til að meta hvort ástæða sé til að kanna höfðun riftunarmála samkvæmt fyrirmælum 8. kafla laganna. Hefur í framkvæmd þurft að koma til þess að krafist hafi verið atbeina rannsóknarlögreglu í því skyni að afla upplýsingar sem þessara, án þess að verulegur grunur hafi leikið á að þrotamaður eða menn honum nákomnir hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi. Með ákvæði þessu er stefnt að því að rýmka verulega heimildir skiptaráðanda til að afla sjálfur gagna um þessi atriði eftir því sem hann telur nauðsynlegt. Ætti þessi breyting að verða til hagræðis og vinnusparnaðar, jafnt fyrir skiptaráðanda sem þá, er með rannsókn opinberra mála fara.

Við 3. gr.

Hér er um að ræða viðbót við gildandi ákvæði, sem miðar að því að samræma úrræði við þau nýmæli, sem um ræðir í 2. gr. frumvarps þessa.

Við 4. gr.

Með ákvæði þessu eru ráðgerð þau nýmæli að fleiri en einn dómari geti farið með skipti á þrotabúi, ef mál er verulega umfangsmikið. Þarfnast greinin ekki nánari skýringa.

Við 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.